

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 5. júní 2026.

Mál nr. 251/2026:

Fura ehf.

(Hróbjartur Jónatansson lögmaður)

gegn

Umhverfis- og orkustofnun,

(Þorvaldur Hauksson lögmaður)

HS Veitum hf. og

(Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður)

Landsneti hf.

(Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður)

Lykilorð

ærumál. Aðild. Aðildarhæfi. Viðurkenningarkrafa. Úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.

Útdráttur

Ágreiningur málsaðila átti rætur að rekja til málshöfðunar F ehf. gegn U, H hf. og L hf. meðal annars til ógildingar á nánar tilgreindum úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála og viðurkenningar á skaðabótaskyldu H hf. og L hf. vegna tjóns F hf. sem leiddi af uppsögn á nánar tilgreindum samningi aðila um tengingu við dreifikerfi H hf. og L hf. Með úrskurði héraðsdóms var kröfu um ógildingu fyrrnefnds úrskurðar vísað frá þar sem Raforkueftirliti U var ekki stefnt til varnar, enda væri um að ræða sjálfstæðan lögaðila sem gæti átt réttindi og borið skyldur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í úrskurði Landsréttar var rakið að þegar málið hefði verið höfðað hefði ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun, þar sem mælt er fyrir um skipun skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins, ekki tekið gildi. Yrði því að líta svo á að þá hefði forstjóri U borið stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins, sbr. 2. gr. laga nr. 110/2024. Hafði Raforkueftirlitið ekki aðildarhæfi á þeim tíma og var því réttum aðila stefnt til varnar. Var ákvæði úrskurðar héraðsdóms því felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar um þá kröfu. Þá var staðfest ákvæði hins kærða úrskurðar um frávisun á viðurkenningarkröfu F ehf.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sónnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 30. mars 2026. Greinargerðir varnaraðila bårust réttinum 15. og 20. apríl sama ár. Kærð eru ákvæði í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 17. mars 2026 í málinu nr. E-3145/2025, en með þeim var vísað frá kröfu sóknaraðila um að úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024 yrði ógiltur og kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varnaraðila Landsnets hf. og HS Veitna hf. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 2 Sónnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi að því er varðar frávísun framangreindra krafna. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili Umhverfis- og orkustofnun krefst staðfestingar á ákvæðum hins kærða úrskurðar um frávísun á kröfu sóknaraðila um að framangreindur úrskurður verði ógiltur og að málskostnaður falli niður. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.
- 4 Varnaraðili Landsnet hf. krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um frávísun viðurkenningarkröfu sóknaraðila. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.
- 5 Varnaraðili HS Veitur hf. krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

Niðurstaða

- 6 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði.
- 7 Í héraði var varnaraðilum, þar á meðal Umhverfis- og orkustofnun, stefnt til að þola ógildingu framangreinds úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála. Var kröfunni vísað frá dómi þar sem Raforkueftirliti Umhverfis- og orkustofnunar var ekki stefnt til varnar í málinu, enda væri um að ræða sjálfstæðan lögaðila sem gæti átt réttindi og borið skyldur, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Gegn mótmælum varnaraðila yrði ekki bætt úr framangreindum annmarka á aðild málsins. Jafnframt var varnaraðilum Landsneti hf. og HS Veitum hf. meðal annars stefnt til viðurkenningar á skaðabótaskyldu þeirra vegna tjóns sóknaraðila sem leiddi af uppsögn á nánar tilgreindum samningi aðila um tengingu við dreifikerfi varnaraðilanna. Með hinum kærða úrskurði var kröfunni vísað frá dómi.
- 8 Í málinu reynir á aðild þar sem deilt er um gildi ákvarðana í stjórnslumáli sem ráðið hefur verið til lykta á tveimur stjórnslustigum, það er með ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar 13. ágúst í máli nr. 3/2024 er kærð var til úrskurðarnefndar raforkumála sem kvað upp úrskurð sinn 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024.
- 9 Um aðild og aðildarhæfi í málum þar sem reynir á gildi stjórnvaldsákvarðana segir það eitt í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 að aðili dómsmáls geti hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun sem átt geti réttindi eða borið skyldur að landslögum. Um fyrirvar þegar ríki eða sveitarfélag á aðild að máli, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld er mælt fyrir í 5. mgr. 17. gr. laganna. Af ákvæðinu verður leitt að máli skuli að meginreglu beint að íslenska ríkinu þótt það varði atriði, sem heyri undir

sérstaka stofnun þess eða sjóð, enda sé ekki mælt á annan veg í lögum eða viðkomandi stofnun eða sjóður lúti sjálfstæðri stjórn, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 14. apríl 2011 í máli nr. 500/2010.

- 10 Eins og fram kemur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun er hún ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra. Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að innan stofnunarinnar skuli starfa sérstök eining sem nefnist Raforkueftirlitið. Raforkueftirlitið er sjálfstætt í störfum sínum þegar það sinnir raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.
- 11 Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024 skipar ráðherra forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og annast rekstur hennar. Forstjóri ber meðal annars ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi, að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt og í samræmi við ársáætlun, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárveitingar og gerð ársáætlunar fyrir stofnunina í heild og ráðningu starfsfólks og yfirstjórn starfsmannamála, eins og greinir í 2. mgr. 2. gr. laganna.
- 12 Ráðherra skipar skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára í senn. Ber hann faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024, en ákvæðið öðlaðist gildi 1. janúar 2026, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.
- 13 Raforkueftirlitið fer með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum III., IV., V. og VI. kafla raforkulaga nr. 65/2003, sbr. 3. gr. a þeirra laga. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. b sömu laga er Raforkueftirlitið sjálfstætt í störfum sínum þegar það sinnir eftirliti samkvæmt lögnum, sbr. lög nr. 110/2024 og getur ráðherra eða orkumálastjóri ekki gefið fyrirmæli um framkvæmd þess.
- 14 Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2024 skal Raforkueftirlitið vera sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar sem rekin er fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Mælt er fyrir um fjármögnun raforkueftirlits í ákvæði 31. gr. raforkulaga. Til að standa straum af kostnaði vegna raforkueftirlits samkvæmt lögnum skulu flutningsfyrirtæki og dreifiveitur greiða gjöld af raforku, eins og nánar er rakið í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 31. gr. raforkulaga. Í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um það að skrifstofustjóri Raforkueftirlitsins skuli gefa ráðherra skýrslu um framkvæmd raforkueftirlits á liðnu ári og áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Gefi niðurstaða skýrslunnar tilefni til að breyta gjaldtöku samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skal ráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Fram kemur í 3. mgr. sömu greinar að Raforkueftirlitið skuli annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Raforkueftirlitið ákveður hvernig gjaldi samkvæmt 1. mgr. skuli varið til að sinna raforkueftirliti samkvæmt lögnum. Síðastgreindur málsliður 3. mgr. kom inn í lögina með breytingarlögum nr. 112/2019, sbr. 6. gr. þeirra. Í athugasemdum með ákvæðinu sagði að með þessu væri skerpt á fjárhagslegu sjálfstæði eftirlitsaðilans til samræmis við ákvæði 35. gr. þriðju

raforkutílskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku.

- 15 Þegar mál þetta var höfðað 24. september 2025 hafði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024 um skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins ekki tekið gildi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Áður en ákvæði um skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins tók gildi verður því að líta svo á að forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar hafi borið stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins, sbr. 2. gr. laga nr. 110/2024. Breytir engu í þessu tilliti þótt mælt hafi verið fyrir um það að Raforkueftirlitið væri sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar, enda laut einingin þá ekki annarri stjórn sem bar ábyrgð á starfsemi hennar. Þessu til samræmis var fyrirvarsmaður varnaraðila Umhverfis- og orkustofnunar í stefnu tilgreindur forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar. Hafði Raforkueftirlitið ekki aðildarhæfi á þeim tíma, enda heyrði það undir stjórn forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar og breytir engu þótt fjárhagur þess kunni að hafa verið skilinn frá fjárhag stofnunarinnar, sbr. til hliðsjónar fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 500/2010. Er því ljóst að við málshöfðun var réttum aðila stefnt til varnar.
- 16 Eftir höfðun málsins hefur ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024 tekið gildi. Hér að framan hafa verið rakin þau ákvæði þeirra laga og raforkulaga sem teljast hafa þýðingu við mat á aðildarhæfi Raforkueftirlitsins. Frá 1. janúar 2026, eftir gildistöku 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2024, lýtur starfsemin boðvaldi skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins. Mælt er fyrir um það í lögum að Raforkueftirlitið sé sjálfstætt í störfum sínum og geta hvorki ráðherra né orkumálastjóri gefið fyrirmæli um framkvæmd þess. Þá er starfsemin fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar og fjármögnuð samkvæmt nánari útfærslu í raforkulögum og ber Raforkueftirlitið ábyrgð á innheimtu gjalda fyrir raforkueftirlit og ráðstöfun þeirra. Verður því að telja að frá 1. janúar 2026 hafi Raforkueftirlitið öðlast slíkt sjálfstæði að það geti átt réttindi og borið skyldur, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, en ekki hefur verið látið reyna á breytta aðild málsins í héraði á þessum grunni.
- 17 Samkvæmt framangreindu verður ákvæði hins kærða úrskurðar um frávísun á kröfu sóknaraðila um að úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024 verði ógiltur, fellt úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar um þá kröfu.
- 18 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest ákvæði hans um frávísun á kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varnaraðila, Landsnets hf. og HS Veitna hf.
- 19 Málsaðilar gera ekki kröfu um endurskoðun málskostnaðarákvörðunar héraðsdóms.
- 20 Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Ákvæði hins kærða úrskurðar um frávísun kröfu sóknaraðila, Furu ehf., um að ógiltur verði úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024 er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka þá kröfu til efnislegrar meðferðar.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um að vísa frá kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varnaraðila, Landsnets hf. og HS Veitna hf.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. mars 2026

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. janúar sl., var höfðað 24. september 2025. Stefnandi er Fura ehf., [...], og stefndu Umhverfis- og Orkustofnun, [...], HS Veitur hf., [...], og Landsnet hf., [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að ógiltur verði úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024 þar sem staðfest var ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar 13. ágúst 2024 í máli nr. 3/2024 um að hafna að ógilda uppsagnir stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. á samningum aðilanna 18. september 2019 og gera stefndu að semja við stefnanda um afhendingu raforku.

Stefnandi krefst þess einnig að ógilt verði annars vegar uppsögn stefnda Landsnets hf., dags. 31. ágúst 2023, á samningi við stefnda HS Veitur hf. um leigu á búnaði og aðstöðu vegna raforkuafhendingar HS Veitna ehf. til stefnanda frá 18. september 2019 og hins vegar uppsögn stefnda HS Veitna hf., dags. 22 september 2023, á samningi hans og stefnanda um tengingu stefnanda við dreifikerfi HS Veitna í Hafnarfirði frá 18. september 2019. Þá krefst stefnandi þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda, Landsnets hf., vegna beins fjárhagstjóns stefnanda sem leiddi af uppsögn stefnda á fyrrgreindum leigusamningi milli stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf., svo og skaðabótaskylda stefnda HS Veitna hf. vegna tjóns stefnanda sem leiddi af uppsögn á samningi aðilanna frá 18. september 2019 um tengingu við dreifikerfi stefnda.

Stefnandi gerir þá varakröfu að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda HS Veitna hf. vegna tjóns stefnanda „vegna kostnaðar nýrrar tengingar við dreifikerfi stefnda í Hafnarfirði í andstöðu við umsamið tengifyrirkomulag raforku samkvæmt samningi stefnanda og stefnda 18. september 2019 um tengingu stefnanda við dreifiveitu stefnda í Hamranesi, Hafnarfirði.“

Stefnandi krefst þess loks að stefndu verði í öllum tilvikum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndu krefjast allir frávísunar málsins frá dómi og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Er sá hluti ágreinings aðila til úrlausnar í þessum þætti málsins. Stefnandi krefst þess í þessum hluta að frávísunarkröfum stefndu verði hafnað og að þeim verði gert að greiða sér málskostnað.

I. Helstu málsatvik

Tildrög máls þessa eru þau að stefnandi og Landsvirkjun gerðu með sér samning 25. janúar 1993 um afhendingu hins síðarnefnda á raforku til stefnanda vegna málmendurvinnslu hans í Kapelluhrauni í landi Hafnarfjarðar. Samkvæmt samningnum skyldi raforkan afhent milliliðalaust í gegnum jarðstreng frá tengivirki Landsvirkjunar í Hamranesi að starfsstöð stefnanda að Hringhelli í Hafnarfirði. Samningurinn gildi frá 1. febrúar 1993 til 1. janúar 1994 en samkvæmt ákvæðum hans framlengdist hann árlega ef ekki kom til uppsagnar.

Með lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf. var fyrirkomulagi raforkudreifingar breytt þannig að stofnað var sérstakt flutningsfyrirtæki, Landsnet hf., og tók hann yfir skyldur Landsvirkjunar samkvæmt fyrrgreindum raforkusölusamningi við stefnanda.

Með lögum nr. 89/2004 var raforkulögum nr. 65/2003 breytt þannig að eftir gildistöku þeirra fullnægði stefnandi ekki skilyrðum til að geta verið viðskiptavinur flutningsfyrirtækis samkvæmt 2. mgr. 8. gr. raforkulaga. Hinn 24. febrúar 2010 tilkynnti Orkustofnun stefnda Landsneti hf. að félagið skyldi láta af milliliðalausri raforkuafhendingu til stefnanda. Var ákvörðunin á því reist að stefnandi teldist ekki stórnotandi í skilningi raforkulaga nr. 65/2003. Stefnandi kærði ákvörðunina með tölvubréfi til iðnaðarráðuneytisins 26. sama mánaðar sem staðfesti ákvörðunina fyrir sitt leyti með úrskurði 14. mars 2011. Stefndi Landsnet hf. sendi stefnanda í framhaldinu bréf 3. maí 2011 þar sem tilkynnt var að félagið teldi sér óheimilt að afhenda stefnanda raforku. Var stefnanda bent á að semja við stefnda HS Veitur hf. um framtíðarfyrirkomulag raforkuafhendingar þar sem fyrrgreint fyrirkomulag samrýmdist ekki gildandi raforkulögum. Þá kom fram að flutningur raforku til stefnanda yrði stöðvaður 14. september 2011.

Stefndi Landsnet hf. mun í framhaldinu hafa látið af milliliðalausri raforkuafhendingu til stefnanda. Með samningi 22. september 2011 gerðu stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. hins vegar með sér tímabundinn samning um tengingu við flutningskerfi Landsnets hf. sem fól í sér að stefndi HS Veitur hf. tók að sér sem milliliður dreifingu raforku til stefnanda. Skyldi stefnandi á grundvelli samningsins vera áfram tengdur við úttaksrofa í Hamranesi.

Með úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála 29. ágúst 2012 var staðfest fyrrgreind ákvörðun Orkustofnunar 24. febrúar 2010 um að stefnda Landsneti hf. bæri að láta af milliliðalausri raforkuafhendingu til stefnanda. Stefnandi skaut þeim úrskurði til dómstóla og krafðist þess að úrskurður úrskurðarnefndarinnar yrði felldur úr gildi en með dómi Hæstaréttar 30. nóvember 2017 í máli nr. 655/2016 var kröfum stefnanda þar að lútandi hafnað. Var meðal annars vísað til undangenginna breytinga á raforkulögum og þess að stefnandi hefði ekki mátt treysta því að réttindin sem honum voru tryggð með fyrrgreindum samningum héldust óbreytt til framtíðar.

Eftir að fyrrgreindur dómur féll áttu stefnandi og stefndi HS Veitur hf. í samskiptum um hvernig skyldi haga framtíðar raforkudreifingu til stefnanda. Var í þeim viðræðum lagt upp með að spennir stefnanda yrði aftengdur og komið yrði á tengingu við stefnanda í gegnum dreifiveitu stefnda HS Veitna hf. Gerðu stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. af því tilefni með sér samning 18. september 2019 um kostnaðarskiptingu vegna aftengingar stefnanda frá flutningskerfinu og færslu yfir á dreifiveitu. Í samningnum var vísað til sérleyfis stefnda HS Veitna hf. til að reisa og reka dreifikerfi á dreifiveitusvæði félagsins, tengisamnings aðila frá 30. desember 2004 og niðurstöðu Hæstaréttar um að stefnandi uppfyllti ekki skilyrði til að tengjast flutningskerfinu á beinan hátt. Um skyldur aðila sagði að samningurinn næði yfir kostnaðarskiptingu við að aftengja stefnanda frá núverandi tengistað og tengja við 11kVrofa í Hamranesi.

Samhliða fyrrgreindum samningi um kostnaðarskiptingu undirrituðu stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. samning um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar 18. september 2019 þar sem stefndi Landsnet hf. leigði stefnda HS Veitum hf. nánar tilgreindan búnað vegna flutnings raforku til stefnanda. Sagði að leigusamningurinn væri uppsegjanlegur með 18 mánaða fyrirvara.

Sama dag gerðu stefnandi og stefndi HS Veitur hf. með sér samhliða samkomulag um tengingu stefnanda við dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. Sagði í samkomulaginu að stáltætari á starfsstöð stefnanda að Hringhelli í Hafnarfirði hefði verið tengdur á 22kV beint við tengivirki stefnda Landsnets hf. í Hamranesi þar sem stefnandi hefði átt og rekið 30 MVA spennu, 132/22kV. Vegna mikilla straumsveiflna sem stáltætarinn ylli væri ekki unnt að tengja hann almennu dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. nema ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að koma í veg fyrir að rekstur stefnanda ylli truflunum hjá öðrum notendum. Í 1. gr. samkomulagsins kom fram að aðilar væru sammála um að leggja af tengingu á 132kV og að notkun stefnanda tengdist þess í stað við 11kV rofa sem stefndi HS Veitur hf. leigði af stefnda Landsneti hf. í Hamranesi. Stefndi HS Veitur myndi því framlengja 22kV strengi að rofa sem hann leigði af stefnda Landsneti hf. og myndu þeir strengir verða reknir á 11kV. Stefnandi myndi jafnframt aftengja 22/11kV spennu sinn að Hringhelli og tengja búnaðinn beint á 11kV. Var miðað við að framkvæmdir vegna samkomulagsins yrðu greiddar af stefndu HS Veitum hf. og Landsneti hf. til helminga. Yrði framkvæmdunum lokið eigi síðar en 30. september 2019.

Með bréfi 31. ágúst 2023 sagði stefndi Landsnet hf. upp fyrrgreindum samningi við stefnda HS Veitur hf. um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar til stefnanda. Sagði í uppsagnarbréfinu að afhending stefnda HS veitna hf. á raforku til stefnanda með milligöngu stefnda Landsnets hf. hafi verið hugsuð tímabundin auk þess sem búnaður stefnanda væri viðkvæmur fyrir sveiflum í spennu í tengivirki stefnda Landsnets hf. í Hamranesi. Erfiðlega gengi að stýra flutningskerfinu í Hamranesi með eðlilegum hætti ef taka ætti tillit til þarfa stefnanda.

Í kjölfar uppsagnarinnar tilkynnti stefndi HS Veitur hf. stefnanda síðan um uppsögn á fyrrgreindu samkomulagi um tengingu við stáltætara stefnanda með bréfi 22. september 2023. Um ástæður uppsagnarinnar var vísað til fyrrgreindrar uppsagnar stefnda Landsnets hf. á samningnum við stefnda HS Veitur hf. um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar til stefnanda.

Stefnandi mótmælti uppsögninni, meðal annars á þeim forsendum að tengisamningur aðila fæli ekki í sér uppsagnarheimild og að stefnandi teldi óheimilt samkvæmt raforkulögum að segja upp gildum tengisamningum nema vegna vanskila á greiðslu raforkugjalda. Þá mótmælti stefnandi því að um tímabundinn samning hefði verið að ræða. Stefnandi sendi Orkustofnun í kjölfarið erindi þar sem hann krafðist þess að stofnunin ógilti uppsagnirnar og legði fyrir stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. að selja stefnanda rafmagn með sömu kjörum og í samningum aðila frá 18. september 2019. Með ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar 13. ágúst 2024 í máli nr. 3/2024 var komist að þeirri niðurstöðu að hvorki uppsögn stefnda Landsnets hf. né HS Veitna hf. hefðu brotið gegn ákvæðum raforkulaga. Þá var vísað til þess að tengisamningarnir færu gegn fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 30. nóvember 2017 í máli nr. 655/2016.

Stefnandi skaut fyrrgreindri ákvörðun til úrskurðarnefndar raforkumála sem staðfesti ákvörðun Orkustofnunar með úrskurði sínum 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024.

Fyrir liggur að Orkustofnun sameinaðist Umhverfisstofnun 1. janúar 2025 þegar lög nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun tóku gildi og verður eftirleidis vísað til Umhverfis- og orkustofnunar þegar fjallað er um umræddan stefnda.

Meðal gagna málsins er bréf lögmanns stefnanda 30. september 2025 til stefnda HS Veitna hf. Er þar rakið að samkvæmt boðaðri framkvæmd stefndu HS Veitna hf. og Landsnets hf. muni raforkuafhending til stefnanda stöðvast 1. október 2025 nema umsókn um aðra tengingu berist áður. Í því ljósi, og til að forða félaginu frá skaðlegri og óafturkræfðri rekstrarstöðvun, hefði stefnandi ákveðið að leggja fram umsókn um aðra tengingu við stefnda HS Veitur hf. með fyrirvara um endanlega niðurstöðu yfirstandandi dómsmáls. Við flutning málsins var síðan upplýst að þann 15. október sl. hefðu stefnandi og stefndi HS Veitur hf. undirritað tengisamning um 2 MW tengingu við dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. við Hringhellu í Hafnarfirði. Þá undirrituðu aðilar yfirlýsingu þann dag um verk- og tímaætlun vegna tengingar stefnanda við dreifikerfi stefnda. Segir í yfirlýsingunni að stefndi Landsnet hf. fallist á beiðni stefnda HS Veitna hf. um að koma á tímabundinni raforkuafhendingu um bráðabirgðatenginguna í tengivirki stefnda Landsnets hf. að nýju meðan unnið sé að því að koma á tengingu við dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. sem lokið verði eigi síðar en 31. desember 2025.

II. Helstu málsástæður aðila og lagarök

Málsástæður og lagarök fyrir dómkröfum stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína um ógildingu úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála á því í fyrsta lagi að úrskurðurinn feli í sér brot gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Rannsókn Raforkueftirlitsins og úrskurðarnefndarinnar hafi verið bersýnilega ófullnægjandi og hafi skjöl, sem skýrt hafi efni fyrrgreindra samninga verið rangtúlkuð og af þeim sökum ekki verið lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Ranglega hafi verið lagt til grundvallar að stefnandi hafi samkvæmt samningunum verið beintengdur við flutningskerfi stefnda Landsnets hf. og á þeim grunni verið ályktað að tengisamningur stefnanda hafi farið í bága við raforkulög þar sem hann hafi ekki verið stórnotandi. Þetta sé alrangt enda hafi stefnandi ekki verið beintengdur stefnda Landsneti hf. frá 1. október 2019 heldur dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. Samningar um tengingu við flutningskerfi stefnda HS Veitna hf. fari auk þess ekki gegn dómi Hæstaréttar í máli nr. 655/2016 eins og lagt verið til grundvallar í fyrrgreindum úrskurði.

Úrskurðurinn fari einnig gegn lögmætisreglu stjórnsluréttar enda hafi tengifyrirkomulag stefnanda og stefnda HS Veitna hf. ekki verið til bráðabirgða eins og byggt hafi verið á í úrskurðinum. Tengisamningi verði einungis sagt upp vegna vanskila og á það hafi skot í úrskurðinum að lagt hafi verið mat á stjórnslulegar skyldur stefndu í ljósi lögbundins hlutverks þeirra auk þess sem úrskurðarnefndin hafi ekki tekið afstöðu til allra málsástæðna stefnanda. Leiði þetta allt til ógildingar úrskurðarins.

Viðvíkjandi kröfu um ógildingu uppsagnar stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. vísar stefnandi til þess að uppsagnir stefndu á samningum um raforkuafhendingu til stefnanda séu ólögmæt og beri því að ógilda þær. Samningar stefndu og stefnanda um raforkuafhendingu frá árinu 2019 hafi verið um nýtt tengifyrirkomulag frá því sem verið hafi um árábil. Með samningum hafi beintenging við flutningkerfi stefnda Landsnets hf. verið rofin og stefnandi þess í stað verið tengdur beint við dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. Því sé rangt að samningurinn hafi falið í sér ólögmæta beintengingu stefnanda við dreifikerfi stefnda Landsnets hf. í andstöðu við dóm Hæstaréttar í máli nr. 655/2016.

Stefnandi byggir á því að lagalegar skyldur stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. veiti félögum ekki heimild til að beita uppsögnum eins og einkaréttarleg félög. Stefnda Landsneti hf. beri að fara að meginreglum stjórnsluréttar um ákvarðanir er lúti að aðgangi að flutningskerfi félagsins og hafi hann því ekki fjálsan rétt til að segja upp samningum við dreifiveitur um aðstöðu og búnað sem sé forsenda fyrir starfsemi þeirra. Slík uppsögn, án þess að fyrir liggja ríkar og málefnalegar ástæður, brjóti gegn tengi- og flutningsskyldu stefnda Landsnets hf. samkvæmt raforkulögum ásamt rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnslulaga. Einungis vanskil eða skýr lagaheimild veiti stefnda heimild til uppsagnar, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í ljósi lögbundinnar tengiskyldu hafi stefnda Landsneti hf. verið óheimilt að segja upp samningi sínum við stefnda HS Veitur hf. þar sem dreifiveitunni hafi þá um leið verið gert ókleift að uppfylla sínar lögboðnu skyldur gagnvart stefnanda.

Stefnda HS Veitum hf. hafi einnig verið óheimilt að synja stefnanda um aðgang að dreifikerfi sínu. Augljóst sé af samningi aðila að honum hafi verið ætlað að vara um langa framtíð enda hafi þar verið talað um endurskoðun á fimm ára fresti. Slíkt hljóti eðli málsins samkvæmt að ná til a.m.k. tíu ára tímabils. Uppsögn stefnda Landsnets hf. hafi komið innan fjögurra ára frá gildistöku leigusamningsins við stefnda HS Veitur hf. sem bersýnilega hafi ekki verið ráðgert í samningnum.

Stefnandi bendir og á að tengisamningur hans og stefnda HS Veitna hf. hafi ekki að geyma uppsagnarheimild. Sé því ljóst að stefndu hafi, við undirritun leigusamnings þeirra, ekki gert ráð fyrir að gildistími samnings stefnanda og stefnda HS Veitna hf. væri skilyrtur. Stefndu hafi samið efni samninganna án aðkomu stefnanda og verið í lófa lagið að kveða skýrt á um að gildi þeirra væri tímabundið eða til bráðabirgða og þá hvaða ytri atvik myndu valda uppsögn eða niðurfellingu. Stefndi Landsnet hf. hafi auk þess ekki gefið stefnda HS Veitum hf. eða stefnanda færi á að andmæla uppsögninni eða koma á framfæri sjónarmiðum sínum um hana áður en hún var tilkynnt. Þá liggja ekkert fyrir um að stefndi Landsnet hf. hafi kannað hvort aðrir möguleikar væru í stöðunni en uppsögn. Loks sé ekkert hæft í því sem fram hafi komið í uppsagnarbréfi stefnda Landsnets hf. að búnaður stefnanda hafi verið viðkvæmur fyrir spennu og að erfðilega hafi gengið að stýra flutningskerfinu í Hamranesi. Aðilar hafi mátt vita að samningar miðuðu við áframhaldandi afhendingu á raforku til stefnanda. Að síðustu hafi stefndu Landsneti hf. og HS Veitum hf. borið, á grundvelli trúnaðar- og tillitsskyldu aðila, að upplýsa stefnanda um að stefndu litu svo á að umsamið fyrirkomulag raforkuafhendingar til stefnanda væri aðeins til bráðabirgða.

Hvað varðar aðalkröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. vísar stefnandi til þess að stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. hafi valdið félaginu tjóni með hinum tilefnislausu og ólögmætu uppsögnum þar sem stefnandi hafi m.a. þurft að kaupa lögfræði og aðra ráðgjafarþjónustu til þess að gæta réttar síns gagnvart yfirvöldum raforkumála. Sá kostnaður sé bein afleiðing af hinum ólögmætu uppsögnum.

Varakrafa stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda HS Veitna hf. er studd þeirri málsástæðu að ólögmæt uppsögn stefnda hafi falið í sér verulega vanefnd. Með uppsögninni hafi stefnandi verið gert ókleift að nýta búnað sinn til að tengjast dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. með þeim hætti sem tilgreindur hafi verið í samningi aðila. Að því marki sem stefnandi hafi verið neyddur til að tengjast

dreifikerfi stefnda með öðru fyrirkomulagi en umsamið var feli það í sér fjártjón fyrir stefnanda sem krafist sé viðurkenningar á.

Við þingfestingu málsins 15. október sl. lagði stefnandi fram bókun þar sem lýst var nýrri málsástæðu og vísað til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í því sambandi. Sagði þar að eftir málshöfðun hafi stefndu rofið raforkuafhendingu til stefnanda sem hafi leitt til þess að starfsemi hans stöðvaðist. Við þingfestingu málsins hafi stefnandi enn verið án raforku sem hafi valdið verulegu fjártjóni enda séu um 40 starfsmenn á launaskrá stefnanda auk þess sem hann beri annan fastan rekstrarkostnað af starfsemi. Háttsemi stefndu, að rjúfa raforkutenginguna til hans, hafi verið ólöglegt og saknæm og beri stefndu því sameiginlega bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Muni stefnandi í framhaldinu leggja fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta fjárhagslegt tjón sitt af framangreindum ólöglegu og saknæmu aðgerðum.

Málsástæður stefnda HS Veitna hf. í formþætti málsins

Stefndi HS Veitur hf. byggir kröfu sína um frávisun málsins á því í fyrsta lagi að kröfur stefnanda fullnægi ekki skilyrðum um samaðild eða samlagsaðild til varnar, sbr. 1. mgr. 18. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndu eigi ekki réttindi eða beri óskipt skyldur að því er kröfur stefnanda varði og ekki verði heldur séð að skilyrðum samlagsaðildar sé fullnægt til þess að stefnandi geti beint kröfum sínum að öllum stefndu í einu og sama málinu. Í stefnu séu ólíkar kröfur vegna ólíkra atvika á mismunandi lagagrundvelli gegn aðilum með ólíka stöðu og hlutverk. Krafist sé ógildingar úrskurðar opinberrar stofnunar og ógildingar athafna einkaréttarlegra aðila í einkaréttarlegu samningssambandi ásamt því sem krafist sé viðurkenningar á bótaskyldu vegna meints tjóns. Þá geri stefnandi enga grein fyrir því í stefnu á hvaða lagagrundvelli hann byggji aðilasamlag til varnar. Sé málið vanreifað að þessu leyti, sbr. f. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Í öðru lagi feli stefnan í sér kröfu um álit dómsins um lögfræðileg efni í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laganna. Sama dag og málið var þingfest, eða 15. október 2025, hafi stefnandi skrifað undir sameiginlega yfirlýsingu með stefnda HS Veitum hf. um nýja tengingu við dreifikerfi hins síðarnefnda. Þar komi fram að stefnandi hafi sótt um tenginguna 6. október 2025. Rofin hafi verið bráðabirgðatenging stefnanda við tengivirki stefnda Landsnets hf. í Hamranesi og leiði það rof af úrskurðinum sem hér sé krafist ógildingar á og dómi Hæstaréttar í máli nr. 655/2016. Samkomulag sé um að koma slíkri bráðabirgðatengingu á aftur, þó aldrei lengur en til 29. maí nk., en þá muni búnaður stefnda Landsnets hf. og strengur í taug stefnanda endanlega verða aftengdu og raforkunotkun stefnanda fara um nýjar tengingar við dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. og samtímis úr öllum tengslum við tengivirki stefnda Landsnets hf. Sama dag hafi stefnandi og stefndi HS Veitur hf. undirritað tengisamning um hina nýju tengingu þar sem gert sé ráð fyrir fjárfestingu stefnda í nýrri dreifistöð og að stefnandi setji upp nýjan rofabúnað í eigin dreifistöð og taki við 11kV heimtaugastreng frá stefnda.

Kröfur um ógildingu úrskurðar Umhverfis- og Orkustofnunar og uppsagna á fyrrgreindum einkaréttarlegu samningum séu settar fram í því skyni að tryggja stefnanda varanlega tengingu um tengivirki stefnda Landsnets hf. í Hamranesi. Eins og við blasi hafi stefnandi nú sjálfur lýst yfir í yfirlýsingu og tengisamningi að endanlega verði hætt að nota þessa tengingu við tengivirki stefnda Landsnets hf. eigi síðar en 29. maí nk. Af því leiði að kröfur stefnanda um ógildingu feli í sér lögspurningar eða kröfur um álit dómsins um lögmæti úrskurðarins og nefndra uppsagna.

Stefndi HS Veitur hf. vísar til þess í þriðja lagi að hvergi sé til þess vísað í stefnu í hverju meint tjón sé fólkið að því undanskildu að vísað sé óljóst til kostnaðar við málarekstur hjá stjórnvöldum. Þá sé engin útlístan í stefnu á tengslum hvers hinna stefndu við meint tjón, orsakasamband athafna og meintra tjónsatvika eða á öðru sem að lágmarki sé krafist í viðurkenningarmálum um bótaskyldu. Varakrafa á hendur stefnda HS Veitum hf. sé einnig örökstudd, en þar komi m.a. fram að stefnanda hafi „mögulega verið gert ókleift að nýta búnað sinn til að tengjast dreifikerfi HS Veitna“ og að fjártjón stefnanda felist í því að hann hafi verið tilneyddur til að tengjast dreifikerfi stefnda með öðru fyrirkomulagi. Engin frekari grein sé gerð fyrir meintu tjóni eða að öðrum atriðum sem engist meintri bótaskyldu. Málaltilbúnaður stefnanda uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar hafi verið í dómaframkvæmd til viðurkenningarmála á

grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 38/2023, 55/2022 og 352/2017. Þá séu kröfurnar vanreifaðar og fullnægi ekki skýrleikakröfum 1. mgr. 80. gr. laganna, sbr. einkum d. og e. liði málsgreinarinnar.

Loks hafi stefnandi lagt fram bókun með nýrri málsástæðu við þingfestingu málsins, en þar sé um að ræða nýja kröfu vegna annarra atvika en þeirra sem viðurkenningakröfur hans snúist um. Stefndi mótmæli því að krafan komist að í málinu og beri að vísa henni frá dómi. Krafan varði rof á tengingu stefnanda við tengivirki stefnda Landsnets hf. en fyrir liggja að stefndi HS Veitur hf. hafi ekki getað framkvæmt slíkt rof. Krafan sé sett fram á grundvelli sólidarískrar ábyrgðar stefndu án þess að það sé nánar rökstutt. Þá geti stefnandi þess hvergi í bókun sinni að sama dag og hann lagði hana fram fyrir dómi hafi hann undirritað samningsskuldbindingar um nýja tengingar sem hafi gert ráð fyrir að hann fengi notið bráðabirgðatenginga við tengivirki stefnda Landsnets hf. þar til nýjum tengingum yrði komið á, þó ekki lengur en til 29. maí nk. Bókunin sé því til þess fallin að gera allan málatilbúnað um meinta bótaskyldu enn óskýrari, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda Landsnets hf. í formþætti málsins

Stefndi Landsnet hf. vísar til stuðnings frávisunarkröfu sinni til þess í fyrsta lagi að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 enda verði dómstólar ekki krafðist álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem sé nauðsynlegt sé til úrlausnar um ákvæðna kröfu í dómsmáli. Úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála í máli nr. 6/2024 fjalli beinlínis um og taki afstöðu til gildis viðkomandi uppsagna á samningum sem jafnframt sé krafist ógildingar á í sjálfstæðum dómkröfum stefnanda. Andlag úrskurðarins sé þannig í reynd gildi viðkomandi uppsagna. Kröfur stefnanda um ógildingu á uppsögnum tveggja samninga séu því málsástæður fyrir kröfu um ógildingu á úrskurðinum þar sem gildi þessara uppsagna hljóti að ráðast af gildi úrskurðarins. Kröfur stefnanda að því leyti eigi því ekki erindi í málið sem sjálfstæðar dómkröfur, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Í öllu falli brjóti slík kröfugerð gegn þrískiptingu ríkisvalds, sbr. 2. mgr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944.

Fyrir Raforkueftirliti Umhverfis- og orkustofnunar hafi stefnandi krafist þess að eftirlitið ógilti uppsögn stefnda Landsnets hf. á tengisamningi félagsins við stefnda HS Veitur hf. frá 19. september 2019 um leigu á búnaði til raforkuafhendingar til stefnanda og jafnframt uppsögn stefnda HS Veitna hf. á tengisamningi við stefnanda. Það hafi verið á valdsviði Raforkueftirlitsins að taka ákvörðun í málinu þar sem það fari með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum III., IV., V. og VI. kafla raforkulaga nr. 65/2003 og þeirri ákvörðun hafi verið unnt að skjóta til úrskurðarnefndar raforkumála. Er fyrir liggja ákvörðun eða úrskurður stjórnvalds sé unnt að fá slíkum ákvörðunum og úrskurðum hnekkkt fyrir dómstólum. Stefnandi geti hins vegar ekki krafist þess að dómstólar taki að sér hlutverk stjórnvalda og ógildi uppsagnir stefnda Landsnets hf. á samningi við stefnda HS Veitur hf. og stefnda HS Veitna hf. á tengisamningi við stefnanda sem hafi beinlínis verið umfjöllunarefni viðkomandi úrskurðar. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að ógilda beri úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála leiði það af þrískiptingu ríkisvaldsins að málið fari aftur til viðkomandi stjórnvalds sem sé bundið við forsendur dómsins. Samkvæmt þessu sé ekki tækt fyrir dóminn að fjalla um aðra og þriðju aðalkröfu stefnanda, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi vísar til þess í öðru lagi að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Ekkert sé vikið að skilyrðum málsgreinarinnar í stefnu og fullnægi sá málatilbúnaður stefnanda, að stefndi Landsnet hf. hafi valdið stefnanda tjóni með vísan til lögfræðikostnaðar og annars ráðgjafarkostnaðar til að gæta réttar síns gagnvart yfirvöldum, ekki því skilyrði að sýnt hafi verið fram á tjón. Það sé enda meginregla að aðili máls á stjórnýslustigi þurfi að bera kostnað sinn af rekstri máls sjálfur, þ.m.t. vegna ráðgjafar. Málsástæða vegna viðurkenningarkröfu sinnar í tengslum við uppsögn stefnda Landsnets hf. á samningi við stefnda HS Veitur hf. sé auk þess afar óljós enda sé aðeins að finna umfjöllun um hana í einni málsgrein. Samkvæmt framangreindu beri að vísa málinu frá dómi.

Í þriðja lagi uppfylli stefnan ekki skilyrði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Hvergi sé rakið í stefnu að málið sé höfðað á hendur stefndu saman á grundvelli 19. gr. laganna eða á grundvelli annars

lagaákvæðis vegna aðildar. Í málinu sé þremur sjálfstæðum lögaðilum stefnt, þ.e. Umhverfis- og Orkustofnun, Landsneti hf. og HS Veitum hf. Kröfur stefnanda séu í heildina sex sem byggja á ólíkum lagagrundvelli og varði aðskilin réttarsambönd. Dómkröfurnar eigi ekki rætur að rekja til sama atviks eða sömu aðstöðu, en þótt atburðarásin að baki málinu kunnist að einhverju leyti að vera samtvinnað sé ekki þar með sagt að kröfurnar eigi rætur að rekja til sama atviks eða sömu aðstöðu í skilningi 19. gr. laga nr. 91/1991.

Með atviki eða atburði sé átt við atburð sem verði að vera sá sami að baki öllum kröfunum. Þá sé með aðstöðu átt við kringumstæður eða viðvarandi ástand sem valdi því að kröfur verði til og þá án þess að rætt verði um að einn ákveðinn atburður hafi komið á kringumstæðunum eða ástandinu. Atvikið sem krafa á hendur Umhverfis- og orkustofnun byggja á varði málsmeðferð og úrlausn stjórnvalds í kærumáli. Atvikið sem krafa á hendur stefnda Landsneti hf. sé reist á varði ákvörðun um uppsögn á leigusamningi við stefnda HS Veitur hf. Atvikið sem varði stefnda HS Veitur hf. sé síðan uppsögn á öðrum samningi við stefnanda. Hér sé um að ræða þrjú aðgreinanleg atvik auk þriggja viðurkenningarkrafna þar sem réttarstaða stefnanda gagnvart hverjum stefnda sé ólík.

Þá eigi dómkröfurnar ekki rætur að rekja til sama löggernings. Krafa er varði ógildingu úrskurðar úrskurðarnefnda raforkumála sé af opinberum toga og byggja á meintum annmörkum á stjórnsváðumferð. Um sé að ræða einhliða úrskurð stjórnvalds. Þar á eftir sé gerð krafa um ógildingu á uppsögn stefnda Landsnets hf. á leigusamningi við stefnda HS Veitur hf. um búnað og aðstöðu. Um sé að ræða einkaréttarlegan löggerning sem varði samningssamband milli tveggja annarra aðila en stefnanda sjálfs. Því næst sé gerð krafa um ógildingu á uppsögn stefnda HS Veitna hf. á tengisamningi við stefnanda. Um sé að ræða þriðja, sjálfstæða löggerninginn sem sé af einkaréttarlegum toga og varði annað samningssamband en það sem snúi að stefnda Landsneti hf.

Þó stefnandi geri þá tilraun að færa rök fyrir því að uppsögn stefnda Landsnets hf. á leigusamningi við stefnda HS Veitur hf. sé ígildi stjórnvaldsákvörðunar breyti það ekki grundvelli athafnarinnar. Uppsögn á einkaréttarlegum samningi sé og verði alltaf einkaréttarlegur löggerningur en ekki stjórnvaldsákvörðun. Því sé ekki um sama löggerning í skilningi 19. gr. laga nr. 91/1991 að ræða. Þá sé hvergi í kröfugerð eða málsástæðukafla stefnanda gerð grein fyrir aðild og grundvelli allra krafna á hendur stefndu og sé málatilbúnaður stefnanda að því leyti óskýr. Sú aðferð, að blanda saman ólíkum kröfum sem byggja á ólíkum löggerningum, atvikum og réttarstöðu, skapi óvissu og torveldi málsvörn.

Stefndi Landsnet hf. byggir á því í fjórða lagi að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði d., e., og g. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Málatilbúnaðurinn sé óskýr og ekki sé gerð grein fyrir því hvaða kröfu sé beint að hverjum stefnda fyrir sig. Þó einstökum kröfum virðist ekki beint að stefnda Landsneti hf. leiði samþætting þeirra við aðrar kröfur til óskýrleika sem geri stefnda erfitt um vik að átta sig á umfangi sakarefnisins gagnvart sér. Stefnan sé í reynd þannig gerð að öllum stefndu sé gert að þola allar dómkröfurnar og sé framsetning dómkrafna í andstöðu við meginreglu um skýra kröfugerð. Stefndi átti sig ekki fyllilega á hvort honum sé gert að taka til varna gagnvart öllum kröfum stefnanda eða eingöngu hluta þeirra.

Stefndi vísar einnig til þess að örðugt geti reynst fyrir dóminn að taka á samspili fyrstu dómkröfu stefnanda við aðra og þriðju. Verði ekki fallist á ógildingu úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála samkvæmt fyrstu dómkröfu sé tæplega hægt að fjalla um það með sjálfstæðum hætti hvort ógilda eigi uppsagnir á samningum samkvæmt annarri og þriðju dómkröfu. Eins sé óljóst hvort stefndi Umhverfis- og orkustofnun eigi að taka til varna um aðra og þriðju dómkröfu stefnanda og hvaða þýðingu það hefði fyrir stjórnvaldið ef úrskurðurinn yrði ekki ógiltur en einungis uppsagnirnar.

Stefndi bendir einnig á að örðugt sé að átta sig á hvaða lögvörðu hagsmuni stefnandi hafi af því að krefjast ógildingar á uppsögn stefnda Landsnets hf. á samningi við stefnda HS Veitur hf. sem hann hafi ekki verið aðili að. Þá sé krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna „beins fjárhagstjóns“ í þremur sjálfstæðum dómkröfum þar sem aðeins ein virðist varða stefnda Landsnet hf. en þó án nokkurrar nánari afmörkunar. Í kröfugerðinni séu síðan ekki leiddar nægar líkur að því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni eða hvert sé orsakasamband milli tjóns og athafna stefndu. Kröfugerð og málsástæður séu því óljósar um þá

háttsemi sem viðurkenningarkröfur stefnanda séu reistar á og uppfylli ekki skilyrði d. og e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi vísar einnig til reglna Dómstólasýslunnar um hámarks lengd stefnu og greinargerð í einkamálum o.fl. nr. 5/2025, sem mæli fyrir um að lýsing í stefnu skuli vera hnitmiðuð, gagnorð og að jafnaði ekki lengri en 8 blaðsíður, en í undantekningartilvikum 24 blaðsíður. Mál þetta feli ekki í sér slíkt undantekningartilvik að réttlæti lengd stefnu í málinu. Loks skorti á að tilgreind séu helstu sönnunargögn sem stefnandi tefli fram, sbr. g. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Viðvíkjandi bókun stefnanda 15. október 2025 er á það bent að óljóst sé hvaða kröfu um viðurkenningu bókunin taki til. Þá geri bókunin ekki greinarmun á því hvaða stefndu eigi í hlut en vísað sé til þess að stefndu hafi rofið raforkuafhendingu til stefnanda og að þeir beri in solidum bótaábyrgð gagnvart stefnanda sem ná til beins og óbeins fjártjóns stefnanda. Þá séu dómkröfur um viðurkenningu á skaðabótaskyldu tengdar við tilteknar uppsagnir á samningum en varakrafa stefnanda varði viðurkenningu á bótaskyldu vegna ætlaðs tjóns vegna kostnaðar við nýja tengingu. Hin nýja málsástæða varði hins vegar ætlað ólögmaett rof á raforkuafhendingu sem sé í engu samræmi við sjálfar viðurkenningarkröfurnar. Í viðurkenningarkröfu um skaðabótaskyldu vegna uppsagnar stefnda Landsnets hf. á samningi við stefnda HS Veitur sé vísað til „beins fjárhagstjóns stefnanda sem leiddi af uppsögn stefnda Landsnets hf. á leigusamningi“ við stefnda HS Veitur hf., sem hafi átt sér stað í september 2023. Hin nýja málsástæða vísi hins vegar til in solidum bótaábyrgðar vegna „beins og óbeins fjártjóns“ stefnanda af völdum rofs á raforkuafhendingu rúmum tveimur árum síðar eða 1. október 2025. Nýja málsástæðan sé þannig ekki til stuðnings viðurkenningarkröfum um bótaskyldu enda sé í bókuninni vísað til allt annar atviks en uppsögn samninga sem rakið sé í sjálfum viðurkenningarkröfunum. Bókunin geri málatilbúnað stefnanda enn óskýrari og óljósari, sbr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Þá sé þar vísað til þess að „stefndu“ beri in solidum bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Ekki bæti úr skák að stefnandi hafi nú komið fram með málsástæðu sem lúti að óskiptri bótaábyrgð „stefndu“ á sama tíma og uppi séu þrjár sjálfstæðar viðurkenningarkröfur um skaðabótaskyldu sem varði mismunandi atvik og jafnframt ekki þau atvik sem lýst sé í bókuninni.

Stefndi bendir loks á að stefnandi lýsi því hvergi á hverju aðild til varnar sé byggð. Kröfugerðin bendi til þess að um sé að ræða samlagsaðild á grundvelli 19. gr laga nr. 91/1991 en að mati stefnda sé óljóst hvaða kröfum sé beinlínis beint að honum. Þá sé nú komin málsástæða sem vísi til óskiptrar skaðabótaábyrgðar allra stefndu sem bendi til þess að aðildin sé í reynd samaðild samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991. Málatilbúnaðurinn sé svo óskýr að þessu leyti að ómögulegt sé að taka til varna.

Málsástæður stefnda Umhverfis- og orkustofnunar í formþætti málsins

Stefndi Umhverfis- og orkustofnun vísar til þess í upphafi að málið varði ákvörðun Raforkueftirlits orkustofnunar, nú Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar, frá 13. ágúst 2024 sem staðfest hafi verið með úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála, og ákvarðanir stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. frá 31. ágúst og 22. september 2023. Raforkueftirlit Umhverfis- og orkustofnunar sé sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar þegar hún sinni raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum sem rekin sé fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar, sbr. 1. og 5. gr. laga nr. 110/2004. Í 3. gr. b raforkulaga, sem lögfest hafi verið með 4. gr. laga nr. 22/2024, sé áréttað að Raforkueftirlitið sé sjálfstætt í störfum sínum þegar það sinni eftirliti samkvæmt lögum og geti ráðherra eða orkumálastjóri ekki gefið fyrirmæli um framkvæmd þess. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 110/2024 sé áréttað að forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar, sem nú sé embættisheiti orkumálastjóra og forstjóra Umhverfisstofnunar, geti ekki gefið Raforkueftirlitinu fyrirmæli frekar en aðrir í samfélaginu. Í lögskýringargögnum með frumvörpunum er urðu að lögum nr. 22/2024 og 110/2024 sé meðal annars rakið að lagafyrirmælum um sjálfstæði eftirlitsins sé ætlað að fullnægja skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku, og þar á meðal til að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA um að sjálfstæði eftirlitsins hafi ekki verið nægilega tryggt í fyrra lagaumhverfi. Í lögskýringargögnum sé áréttað að yfirmaður Raforkueftirlitsins, deildarstjóri þess, fari með daglega stjórn og rekstur einingarinnar, hafi eftirlit með störfum starfsmanna

innan hennar og samræmi þau, sbr. einnig ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 110/2024, sem taki gildi 1. janúar 2026, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu sé Raforkueftirlit Umhverfis- og orkustofnunar aðildarhæft í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991. Sá annmarki, að eftirlitið eigi ekki aðild að málinu, valdi frávisun enda verði ekki dæmt um gildi stjórnvaldsákvörðunar eftirlitsins nema það eigi aðild að málinu. Í öllu falli hafi borið að stefna yfirmanni Raforkueftirlitsins til fyrirsvars í málinu enda hafi hann ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem sakarefnið varði, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi bendir auk framangreinds á að stefnandi geri aðallega fimm kröfur og eina til vara án þess að skýrt sé að hvaða stefndu kröfurnar beinist, enda segi annars vegar að málið sé höfðað á hendur stefndu „til þess að þola neðangreindar dómkröfur“ og hins vegar að stefnandi „geri eftirfarandi dómkröfur á hendur stefndu“.

Stefndi mótmælir fyrrgreindri bókun stefnanda sem of seint fram kominni enda feli hún í reynd í sér nýjar kröfur og auki á óskýrleika málatilbúnaðarins. Vandkvæðum sé bundið að taka til varna og sé kröfum d. og e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 ekki fullnægt. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins enda sé hvorki gerð grein fyrir ætluðu tjóni stefnanda né tengslum þess við atvik málsins. Stefnandi hafi hvað sem öðru líður ekki lengur lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins þar sem hann hafi nú undirritað samning um tengingu við dreifikerfi raforku og að komið hafi verið á bráðabirgðatengingu á meðan.

Að lokum vísar stefndi til þess að kröfur samlagsaðildar og kröfusamlags séu ekki uppfyllt enda séu kröfur stefnanda hvorki samkynja né samrættar.

Um helstu lagarök vísar stefndi til laga nr. 110/2024, sbr. eldri lög nr. 87/2003, og raforkulaga auk ákvæða laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnanda í formþætti málsins

Stefnandi byggir á því að skýrt sé að hverjum kröfur í málinu beinist og hverjar þær séu. Eftir að málið hafi verið höfðað hafi raforkutenging verið rofin sem hafi leitt til rekstrarstöðvunartjóns þar sem stefnandi hafi verið án rafmagns og það þrátt fyrir að umsókn um tengisamning hafi legið fyrir.

Hvað varðar þá málsástæðu að stefna hefði þurft Raforkueftirlitinu Umhverfis- og orkustofnunar bendir stefnandi á að þótt eftirlitið njóti sjálfstæðis við raforkueftirlit feli það ekki í sér að einingin innan Umhverfis- og orkustofnunar njóti aðildarhæfis fyrir dómstólum. Í 2. mgr. 1. gr. raforkulaga segi að Raforkueftirlitið starfi sem sérstök eining innan stofnunarinnar og sé hún því hluti af henni. Sjálfstæðið lúti bara að töku ákvarðana svo að ráðherra eða forstjóri sé ekki að hafa áhrif á ákvarðanir eftirlitsins, eins og þekkt sé í framkvæmd, en geri ekki að verkum að Raforkueftirlitið sem slíkt njóti aðildarhæfis að lögum. Deildir og einingar innan féлага eða stofnana njóti þess ekki. Vilji svo ólíklega til að dómurinn telji Raforkueftirlitið aðildarhæft varði það ekki frávisun heldur sé hægt að bæta úr aðildinni undir rekstri málsins.

Stefnandi vísar til þess hvað varðar aðild málsins að allar dómkröfurnar spretti af sama löggæringnum og sömu atvikum sem sé þetta þríhliða tengifyrirkomulag. Þá sé krafist ógildingar úrskurðar sem fjalli um lögmæti þessara samninga sem séu undir í málinu. Skýrt sé hvers sé krafist og hvaða kröfur beinist að hverjum og einum, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hafnar því að dómkröfur hans feli í sér lögspurningu og vísar til þess að úrlausn um ógildingarkröfu stefnanda sé nauðsynlegur þáttur og grundvöllur bótaskyldu stefndu. Hvað varðar nýjan tengisamning bendir stefnandi á að í gögnum málsins sé tilkynning frá lögmanni stefnanda til stefnda HS Veitna hf. þar sem, eftir ítrekaðar hótanir um að lokað yrði á raforkutengingu, sá stefnandi sig nauðbeygðan til þess að leggja fram umsókn. Hafi það verið gert í ljósi einokunarvalds stefnda HS Veitna hf. um dreifingu orkunnar. Í tölvupóstinum sé tilkynnt að ætlunin sé að leggja inn umsókn en það sé gert með fyrirvara um niðurstöðu dómsmálsins. Fyrir hafi legið að raforkutengingin yrði rofin 1. október nema umsókn um aðra tengingu bærist. Í því ljósi hafi stefnandi ekki verið stætt á öðru en að leggja inn umsókn, en hann hafi þá verið búinn að vera tvær vikur án raforku og orðið fyrir miklu tjóni. Með þessu hafi hins vegar ekki verið ætlunin að fyrirgera rétti til að krefjast bóta vegna ólögmætra uppsagna. Stefnandi eigi rétt á að fá úr því skorið hvort umræddum samningum hafi verið sagt upp með ólögmætum hætti og breyti

engu í þeim efnum þótt stefnandi hafi, í viðleitni sinni til þess að takmarka tjón sitt, undirritað fyrrgreindan tengisamning. Hann hafi hagsmuni af því að fá úrlausn um hvort segja hafi mátt samningnum upp samkvæmt lögum. Þá hafi hann leitt líkur að tjóni. Kröfugerðin sé að öllu leyti skýr og ljóst sé hvers sé krafist í málinu. Stefnandi hafi vegna málshöfðunarfresta raforkulaga þurft að höfða mál þetta innan sex mánaða en hann muni síðan færa fram frekari gögn til sönnunar tjóni sínu.

III. Forsendur og niðurstaða

A.

Í máli þessu er deilt um uppsögn tveggja samninga sem varða afhendingu á raforku til stefnanda. Er annars vegar um að ræða uppsögn stefnda Landsnets hf. 31. ágúst 2023 á samningi hans og stefnda HS Veitna hf. um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar hins síðarnefnda til stefnanda og hins vegar uppsögn stefnda HS Veitna hf. þann 22. september 2023 á samningi hans og stefnanda um tengingu við dreifikerfi stefnda. Kröfur stefnanda, sem allar eiga rætur að rekja til uppsagna fyrrgreindra samninga, eru í reynd þríþættar. Hann gerir þannig þá kröfu í fyrsta lagi að ógiltur verði úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála frá 28. mars 2025 þar sem staðfest var ákvörðun Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar 13. ágúst 2024 um að hafna að ógilda fyrrgreinda uppsögn og leggja fyrir stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. að afhenda stefnanda raforku. Í öðru lagi krefst hann þess að uppsagnirnar frá 31. ágúst 2023 og 22. september 2023 verði ógiltar. Í þriðja lagi krefst hann þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. vegna uppsagnanna, en til vara að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda HS Veitna hf. vegna tjóns sem fólst í kostnaði við nýja tengingu við dreifikerfi stefnda í Hafnarfirði í andstöðu við tengifyrirkomulag samkvæmt samningi aðilanna frá 18. september 2019.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 er fleiri en einum heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Dómkröfur stefnanda eiga allar rætur að rekja til atvika er varða samninga stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. frá 18. september 2019 um tengifyrirkomulag raforkuafhendingar til stefnanda og uppsögn á þeim 31. ágúst 2023 og 22. september 2023. Ljóst er af kröfunum og lýsingu á málsástæðum og málsgrundvelli í stefnu að hverjum stefnda hver krafa beinist og liggur ljóst fyrir til hvaða sameiginlegu atvika og aðstöðu kröfur stefnanda eiga rætur að rekja. Þótt vissulega sé um að ræða sitthvora uppsögnina, annars vegar stefnda Landsnets hf. og hins vegar stefnda HS Veitna hf., liggur fyrir að um er að ræða tvo samninga undirritaða sama dag og ljóst af gögnum málsins og því sem rakið var í kafla I. að samningarnir voru báðir liður í því markmiði að koma á raforkutengingu stefnanda. Leiða tengsl hinna ólíku krafna og þáttur hvers og eins stefndu í atvikum máls til þess að leggja verður til grundvallar að kröfurnar eigi rætur að rekja til sömu aðstöðu og atvika í skilningi 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Er því fullnægt skilyrðum til að stefnandi geti nýtt sér það réttarfarshagræði sem felst í samlagsaðild. Í því sambandi er bent á að það veldur stefnanda ekki réttarspjöllum að hafa ekki vísað til fyrrgreinds ákvæðis um aðilasamlag og ekki verður séð að vörn stefndu kunní að verða áfátt af þeim sökum að ekki var vísað til greinarinnar. Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda Landsnets hf. að það girði fyrir málshöfðun á framangreindum grundvelli að málið sé rekið um annars vegar kröfur beint að stjórnvaldi og hins vegar kröfur sem beint er að öðrum aðilum á einkaréttarlegum grundvelli.

B.

Af hálfu stefnda Umhverfis- og orkustofnunar er frávisunarkrafa á því reist að úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála, sem krafist sé ógildingar á, hafi lotið að ákvörðun Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar en ekki stefnda Umhverfis- og orkustofnunar. Raforkulitið sé því réttur aðili að málinu en ekki Umhverfis- og orkustofnun sem hvergi hafi komið að málum.

Sem fyrr segir lýtur fyrrgreindur úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála að endurskoðun ákvörðunar Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar frá 13. ágúst 2024. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun er stofnunin ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan mælt fyrir um að innan stofnunarinnar skuli starfa „sérstök eining“ sem nefnist Raforkueftirlitið. Eftirlitið skuli vera sjálfstætt í störfum sínum þegar það sinni raforkueftirliti samkvæmt

raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Í 2. mgr. 2. gr. laganna segir að ráðherra skipi skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára í senn og beri hann faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri eftirlitsins. Við skipun í embætti skrifstofustjóra skuli ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið og sé niðurstaða hæfisnefndar ráðgefandi við skipun í embættið.

Um hlutverk Raforkueftirlitsins er fjallað í 1. mgr. 5. gr. laganna, en þar segir að það skuli sinna raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, vera stjórnvöldum til ráðgjafar og umsagnar um raforkumál og annast önnur verkefni sem því séu falin samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Til að tryggja sjálfstæði Raforkueftirlitsins, gagnsæi og jafnræði við raforkueftirlit skuli eftirlitið setja sér starfsreglur og birta þær almenningi, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Raforkueftirlitið skuli vera sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar sem rekin sé fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Sams konar ákvæði var að finna í 1. og 3. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, sem lögfest voru með lögum nr. 22/2024 um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum og tóku gildi 14. mars 2024.

Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 110/2024, sem fólu í sér stofnun Umhverfis- og orkustofnunar, er áréttað að aðgreina verði Raforkueftirlitið frá annarri starfsemi stofnunarinnar til þess að tryggja sjálfstæði eftirlitsins í störfum og uppfylla skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum. Er til þess vísað að vegna þessa meginmarkmiðs hafi forstjóri Orkustofnunar t.d. ekki heimild til að hafa afskipti af einstökum málum Raforkueftirlitsins. Í skýringum við 1. gr. frumvarpsins kemur fram að krafan um sjálfstæði Raforkueftirlitsins leiði af skuldbindingum Íslands samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi haft til skoðunar ákvæði laga og reglna hér á landi sem innleiði kröfur fyrrgreindrar tilskipunar um sjálfstæði eftirlitsins. Í ljósi sjónarmiða sem komið hafi fram í samskiptum stjórnvalda og ESA sé þörf á að hnykkja frekar á tilteknum ákvæðum löggjafarinnar sem tengist sjálfstæði raforkueftirlitsins. Í samræmi við athugasemdir ESA sé mælt fyrir um sérstaka einingu innan Orkustofnunar sem verði sjálfstætt í störfum sínum við raforkueftirlit samkvæmt raforkulögum. Í ljósi sjálfstæðis eftirlitsins fari ráðherra ekki með almennar yfirstjórnunarheimildir gagnvart því vegna raforkueftirlits.

Auk framangreinds segir í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 22/2024 um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið), þar sem lögfest voru sérstök ákvæði um stofnun Raforkueftirlitsins, að með frumvarpinu séu lagðar til breytingar sem ætlað sé að tryggja betur sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar. Er í því sambandi vísað til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 þar sem mælt sé fyrir um skyldu aðildarríkja til að koma á fót eftirlitsaðila sem sé sjálfstæður gagnvart raforkufyrirtækjum og stjórnvöldum. Fram kemur að í því felist að ákvarðanir eftirlitsaðila verði teknar án utanaðkomandi áhrifa, svo sem frá ráðherra, ráðuneyti eða Orkustofnun. Aðildarríkin skuli ábyrgjast sjálfstæði eftirlitsstjórnvaldsins og tryggja að það beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt. Tryggja beri að starfsfólk eftirlitsins og þeir sem fari með stjórn þess starfi óháð hvers konar markaðshagsmunum eða öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum við framkvæmd eftirlitsverkefnanna. Þá skuli tryggja að yfirvaldið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir óháð öllum aðilum á sviði stjórn mála og að árlegrar fjárveitingar til þess séu aðskildar frá öðrum auk þess sem eftirlitið hafi sjálfstæði við framkvæmd fjárúthlutana og fullnægjandi mannafla og fjármagn til að sinna skyldustörfum sínum.

Í athugasemdunum er og vísað til þess að með lögum nr. 112/2019 hafi verið gerðar breytingar á raforkulögum og lögum um Orkustofnun til þess að innleiða ákvæði tilskipunar nr. 2009/72/EB, m.a. um sjálfstætt raforkueftirlit. Komið hafi í ljós að skerpa þyrfti á ýmsum ákvæðum er varði sjálfstæði raforkueftirlitsins og aðgreiningu þess frá annarri starfsemi Orkustofnunar. Fyrrgreind tilskipun mæli fyrir um sjálfstæði við fjárúthlutunir og að árlegrar fjárveitingar til eftirlitsins skuli aðskildar frá öðrum fjárveitingum. Því sé lagt til að Raforkueftirlitið skuli rekið sem sjálfstæð eining og fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi Orkustofnunar. Eftirlitinu skuli stýrt af embættismanni skipuðum af ráðherra til fimm ára í senn og beri sá faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins. Í skýringum með 5. gr.

laganna er síðan hnykkt á því markmiði að aðgreina raforkueftirlit skýrar frá annarri starfsemi stofnunarinnar og tekið fram að í sjálfstæðinu felist að eftirlitið leiti ekki eftir eða taki við beinum fyrirmælum frá neinni ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila eða einkaaðila, m.a. ráðherra orkumála og forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar. Loks er vísað til þess að Raforkueftirlitið skuli fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar og að tryggt skuli að stjórnvaldið hafi aðskildar árlegar fjáruhlutanir og sjálfræði við framkvæmd fjáruhlutana.

Í 3. gr. b raforkulaga nr. 65/2003, sem lögfest var með 4. gr. fyrrgreindra laga nr. 22/2024, er einnig vísað til þess að Raforkueftirlitið sé sjálfstætt í störfum sínum og geti ráðherra eða orkumálastjóri ekki gefið yfirmæli um framkvæmd raforkueftirlit. Þá er áréttuð sú skylda Raforkueftirlitsins að setja sér starfsreglur til þess að tryggja sjálfstæði, gagnsæi og jafnræði í störfum sínum við raforkueftirlit, sbr. 3. mgr. 3. gr. b. Í VII. kafla laganna, sem ber heitið „Eftirlit og úrræði“ er síðan fjallað um eftirlit á sviðinu og vísað til bæði Umhverfis- og orkustofnunar og Raforkueftirlitsins.

Í dómaframkvæmd hefur almennt verið við það miðað að deildir og einingar innan félaga, stofnana og fyrirtækja njóti almennt ekki aðildarhæfis heldur sé það á hendi þess lögaðila sem þær eru hluti af að eiga aðild að dómsmáli um hagsmuni viðkomandi deildar eða einingar. Sú meginregla er hins vegar ekki algild. Þannig getur eining innan stofnunar talist njóta aðildarhæfis, þannig að þörf sé á aðild hennar sjálfar í dómsmáli, ef hún er svo sjálfstæð og aðskilin frá öðrum deildum og boðvaldi viðkomandi stofnunar að hún ein sé teljist til þess bær að halda utan um þá hagsmuni sem á reynir. Í dómi Hæstaréttar 9. nóvember 2022 í máli nr. 18/2022 er um þessi atriði tekið fram að meta þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig með hliðsjón af því hvort viðkomandi deild eða eining teljist geta átt réttindi og skyldur að landslögum og notið aðildarhæfis. Ekki sé útilokað að þau tilvik kunni að finnast þar sem skipulag, starfsemi og sjálfstæði deilda eða eininga innan félaga eða stofnana sé með þeim hætti að viðkomandi geti notið aðildarhæfis í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í ljósi alls þess sem rakið hefur verið hér að framan er það mat dómsins að þannig hátti til um skipulag, starfsemi og umgjörð Raforkueftirlit Umhverfis- og orkustofnunar að stofnunin njóti sjálf aðildarhæfis í skilningi framangreinds ákvæðis. Sem fyrr segir lýtur eftirlitið ekki stjórn ráðherra eða Umhverfis- og orkustofnunar og tekur ekki við fyrirmælum frá annarri ríkisstofnun eða opinberum aðila. Þá er Raforkueftirlitið sjálfstætt að því leiti að það er skýrt aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar og er því stýrt af embættismanni skipuðum af ráðherra sem fer einn með daglega stjórn og rekstur eftirlitsins án aðkomu fyrirsvarsmanns Umhverfis- og orkustofnunar. Loks liggur samkvæmt framangreindu fyrir að Raforkueftirlitið er með öllu fjárhagslega aðskilið frá öðrum rekstri Umhverfis- og orkustofnunar.

Með vísan til framangreinds, og að virtum þeim afdráttarlausu markmiðum laga nr. 22/2024 og 110/2024 sem áður gat um, verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar í máli þessu að Raforkueftirlit Umhverfis- og orkustofnunar sé sjálfstæður lögaðili sem geti borið skyldur og átt réttindi í skilningi 1. gr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Þar sem þeim aðila var ekki stefnt til varnar í málinu verður að vísa frá dómi kröfu um ógildingu úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála. Gegn mótmælum stefndu verður enda ekki bætt úr framangreindum annmarka á aðild málsins.

C.

Með annarri og þriðju dómkröfu sinni krefst stefnandi sem fyrr segir ógildingar á uppsögnum tveggja samninga milli annars vegar stefnanda og stefnda HS Veitna hf. og hins vegar hins síðarnefnda og stefnda Landsnets hf.

Af hálfu stefnda HS Veitna hf. er á því byggt að með nefndum kröfum sé óskað eftir álitni dómsins um lögfræðileg efni í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 enda hafi stefnandi, sama dag og mál þetta var þingfest, ritað undir yfirlýsingu með stefnda HS Veitum hf. um nýja tengingu stefnanda við dreifikerfi stefnda. Þá hafi hann lýst yfir með yfirlýsingu sinni að endanlega verði hætt að nota tengingu við tengivirki stefnda Landsnets hf. eigi síðar en 29. maí nk.

Í málinu liggur fyrir að ágreiningur hefur verið uppi milli aðila um viðbrögð við lagabreytingu sem fól í sér að einungis svokallaðir stórnotendur gátu fengið afhent milliliðalaust frá stefnda Landsneti hf. raforku. Í tengslum við þær viðræður voru undirritaðir tímabundnir samningar um leigu á búnaði og afhendingu á raforku til handa stefnanda 18. september 2019. Samningunum var líkt og áður er rakið

báðum sagt upp árið 2023 og er því m.a. borið við af hálfu stefnanda að uppsagnirnar hafi falið í sér brot gegn ákvæðum raforkulaga. Með vísan til framangreinds verður ekki tekið undir það með stefnda að stefnandi hafi ekki af því hagsmuni að fá úr því leyst fyrir dómi hvort ógilda beri uppsagnirnar á þeim forsendum sem stefnandi byggir á. Síðari tíma yfirlýsing um nýtt fyrirkomulag raforkutengingar, og tenging til bráðabirgða eftir höfðun máls þessa, fær ekki hróflað þeirri niðurstöðu, en svo sem stefnandi rakti í bréfi til stefnda HS Veitna hf. 30. september 2025 kvað hann umsóknina nauðsynlega til þess að forða tjóni en lýsti jafnframt yfir fyrirvara um yfirstandandi dómsmál. Geta umrædd atvik því ekki staðið því í vegi að dómur verði lagður á kröfur stefnanda, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Hvað varðar þá málsástæðu stefnda Landsnets hf. að dómstóla bresti vald til að leggja dóm á aðra og þriðju dómkröfu stefnanda um ógildingu á uppsögnum fyrrgreindra samninga, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 og 2. gr. stjórnarskrárinnar, er á það bent að það fellur undir endurskoðunarhlutverk dómstóla að skera úr um réttindi og skyldur stefnanda samkvæmt nefndum samningum og getur sú staðreynd, að málið hefur einnig fengið efnislega umfjöllun á vettvangi stjórnarsýslunnar, eða á grundvelli hins allsherjarréttarlega eftirlits, ekki girt fyrir að stefnandi leiti réttar síns gagnvart stefndu Landsneti hf. og HS Veitum hf. á hinum einkaréttarlega grundvelli. Með sömu rökum er þeirri málsástæðu stefnda hafnað að kröfur stefnanda um ógildingu nefndra uppsagna séu í reynd málsástæður fyrir kröfu um ógildingu fyrrgreinds úrskurðar eða að úrlausn málsins myndi fela í sér að dómstólar tækju sér hlutverk stjórnvalda. Fyrrgreind grein stjórnarskrárinnar stendur því samkvæmt framangreindu ekki í vegi að lagður verði dómur á aðra og þriðju dómkröfu stefnanda.

Af stefnu og gögnum sem lögð voru fram við þingfestingu málsins verður að öðru leyti ráðið hverjar málsástæður fyrir fyrrgreindum kröfum stefnanda eru sem og sá grundvöllur sem málsóknin byggir á að því er báða stefndu varðar. Er ótvírætt hvert sakarefni málsins að framangreindu leyti er verður ekki séð að meintur óskýrleiki eða framsetning á málsástæðum valdi því að stefndu muni eiga erfitt um vik að verjast kröfunum. Málsgrundvöllurinn að framangreindu leyti er skýr og uppfyllir kröfur d., e. og g. liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Þá verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi hagsmuni af úrlausn um fyrrgreindar kröfur og á sú niðurstaða jöfnum höndum við um samning stefnanda og stefnda HS Veitna hf. og samning HS Veitna hf. og stefnda Landsnets hf. Þótt stefnandi sé ekki aðili að síðarnefnda samningnum. Af eðli samningsins, sem var liður í ákvörðun um fyrirkomulag raforkuafhendingar til stefnanda, leiðir enda að hann telst hafa hagsmuni af úrlausn málsins.

Samkvæmt framangreindu verður hafnað kröfum stefndu um frávísun málsins að því er annan og þriðja kröfulið í stefnu varðar.

D.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er heimilt að leita dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu án tillits til þess hvort unnt væri að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför. Þessi heimild er þó háð því skilyrði að sá sem höfðar mál hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfu sinni. Áskilnaður ákvæðisins um slíka hagsmuni hefur í dómum Hæstaréttar verið skýrður svo að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilgreindu tilefni, geri grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við þau atvik sem bótaábyrgð er reist á, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 12. apríl 2011 í máli nr. 189/2011, 19. desember 2022 í máli nr. 55/2022 og 18. ágúst 2023 í máli nr. 38/2023. Þá gildir hér sem endranær áskilnaður 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um tilgreiningu á kröfum og málsástæðum í stefnu og skýrleika málatilbúnaðar að öðru leyti þegar stefnandi markar málinu grundvöll og leiðir líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 22. mars 2024 í máli nr. 127/2024. Loks hvílir á herðum þess sem setur fram slíka kröfu að gera grein fyrir því hvernig skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt, þ. á m. hver hin saknæma háttsemi sé og sýna fram á orsakatengsl við tjón það sem krafist er bóta fyrir, sbr. d. og e. lið 1. mgr. 80. gr. fyrrgreindra laga.

Í stefnu er um viðurkenningarkröfur stefnanda vísað til þess að stefndu Landsnet hf. og HS Veitur hf. hafi valdið stefnanda tjóni með hinum umdeildu uppsögnum þar sem stefnandi hafi meðal annars þurft að kaupa lögfræði- og ráðgjafarþjónustu til þess að gæta réttar síns gagnvart yfirvöldum raforkumála. Hvað varðar varakröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda HS Veitna hf. vísar stefnandi til þess

að með uppsögninni hafi stefnanda verið gert ókleift að nýta búnað sinn til að tengjast dreifikerfi stefnda HS Veitna hf. með þeim hætti sem tilgreindur hafi verið í samningi aðilanna. Að því marki sem stefnandi sé tilneyddur til að tengjast dreifikerfi stefnda með öðru fyrirkomulagi en tilgreint sé í tengisamningi feli það í sér fjártjón fyrir stefnanda á.

Að mati dómsins felur framangreind tilgreining, og þau takmörkuðu gögn sem lögð voru fram um meint tjón stefnanda, ekki í sér fullnægjandi lýsingu á hinu ætlaða tjón. Í ljósi skilyrða 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, eins og þau hafa verið túlkuð í dómaframkvæmd, hefur stefnandi að mati dómsins þannig ekki gert með viðhlítandi hætti grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum háttsemi stefndu og hver tengsl tjónsins séu við atvik málsins þannig að hann hafi lögvarða hagsmuni í skilningi 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 af því að fá leyst úr viðurkenningarkröfu sinni fyrir dómi. Þá er ekki gerð með fullnægjandi hætti grein fyrir orsakasambandi milli hinna ætluðu ólögsmætu uppsagna og tjóns stefnanda og ekki er gerð grein fyrir kostnaði sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir vegna nýrrar tengingar við dreifikerfi stefnda.

Til viðbótar framangreindu er á það bent að stefnandi lagði við þingfestingu málsins fram bókun þar sem lýst var nýrri málsástæðu. Sagði í bókuninni að eftir málshöfðun hafi stefndu rofið raforkuafhendingu til stefnanda sem hefði leitt til þess að starfsemi hans stöðvaðist. Við þingfestingu málsins hafi stefnandi enn verið án raforku sem hafði valdið honum verulegu fjártjóni enda séu um 40 starfsmenn á launaskrá stefnanda auk þess sem hann beri annan fastan rekstrarkostnað af starfseminni. Háttsemi stefndu, að rjúfa raforkutenginguna til hans, hafi verið ólögsmæt og saknæm og beri stefndu því sameiginlega bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Muni stefnandi í framhaldinu leggja fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta fjárhagslegt tjón sitt.

Í bókuninni er ekki greint svo heitið geti milli þáttar stefndu innbyrðis í hinni meintu og ólögsmætu háttsemi og gerir stefnandi á engan hátt nánari grein fyrir tjóni sínu þótt hann vísi til starfsmanna á launaskrá og rekstrarkostnaðar. Þá verður ekki fram hjá því litið að í bókuninni er vísað til sameiginlegrar bótaábyrgðar stefndu þótt atvikum sé lýst á þann veg í stefnu að aðild sé reist á reglum um samlagsaðild, sbr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Leiðir allt framangreint til þess að stefnandi telst ekki hafa leitt nægar líkur að tjóni sínu eins og áskilið er í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 auk þess sem framangreindir anmarkar gera að verkum að erfiðara er um vik fyrir stefndu að taka til varna í málinu.

Auk framangreinds liggur sem fyrr segir fyrir að stefnandi mun hafa undirritað yfirlýsingu um bráðabirgðatengingu við stefnda HS Veitur hf. og virðist þannig ljóst að stefnandi sé, að minnsta kosti nú um sinn, tengdur við dreifiveitu þannig að starfsemi geti haldist óbreytt. Í málinu liggur hins vegar ekkert fyrir um hvaða tímabil það eru sem stefnandi rekur meint tjón sitt til, hvort og þá hvenær hann var án raforku vegna athafna stefndu og hvert tjón hans er í dag. Fer málatilbúnaðurinn að þessu leyti því, auk 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, gegn d. og e. lið 1. mgr. 80. gr. laganna.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki hjá því komist að vísa viðurkenningarkröfum í öðrum og þriðja kröfulið stefnanda frá dómi.

E.

Samkvæmt öllu framangreindu er vísað frá dómi kröfu stefnanda um að ógiltur verði úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála frá 28. mars 2025 svo og kröfum um að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu Landsnets hf. og HS Veitna hf. vegna uppsagnar á samningum aðilanna frá 18. september 2019. Kröfum stefndu, Landsnets hf. og HS Veitna hf., um að vísað verði frá dómi kröfum stefnanda um uppsögn fyrrgreindra samninga 18. september 2019, er hins vegar hafnað.

Að virtum þessum málsúrslitum, en að öðru leyti með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að málskostnaður í þessum hluta falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari að gættri 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnanda, Furu ehf., um að úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála 28. mars 2025 í máli nr. 6/2024 verði ógiltur, er vísað frá dómi.

Kröfum stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu, Landsnets hf. og HS Veitna hf., er vísað frá dómi.

Kröfum stefndu, um að vísað verði frá dómi kröfu um ógildingu uppsagnar 31. ágúst 2023 og 22. september 2023 á samningum 18. september 2019 er hafnað.

Málskostnaður í þessum hluta málsins fellur niður.